

Reykjavík 7. maí 2026

Til framboða til komandi borgarstjórnarkosninga 2026.

Fyrirspurn um stefnu framboða til borgarstjórnar gagnvart skipulagsmálum tengdum gjaldskyldu bílastæða í Vesturbæ.

Íbúar Vesturbæjar eru fjölbreyttur hópur á öllum aldri með ólíkar þarfir og aðstæður. Hverfið þykir aðlaðandi og er víðast hvar í manneskjulegum skala. Því eru margir sem ganga og hjóla um hverfið og sífellt fleiri tileinka sér virka ferðamáta. Aðrir kjósa eða þurfa, af heilsufars-, fjölskyldu- eða atvinnuástæðum, að nýta einkabifreið.

Vesturbæingar virðast almennt ánægðir með þá þróun sem hefur átt sér stað í átt að vistvænni samgöngum, eflingu almenningssamgangna og aukinni áherslu á virka ferðamáta. Öll þróun þarf þó að vera unnin af fagmennsku, byggð á þörfum íbúa og mótuð í góðu samtali við þá sem búa í hverfinu. Mikilvægt er að setja fjölbreyttar þarfir íbúa í forgrunn.

Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg innleitt gjaldtöku fyrir bílastæði við heimili hluta íbúa Vesturbæjar. Íbúum sem ekki eru með einkabílastæði á lóðum sínum býðst að kaupa íbúakort til að leggja.

Gjaldskyldan og íbúakortin hafa mælst misjafnlega fyrir. Gjaldskyldan auðveldar fólki innan gjaldsvæðisins að finna stæði en þar sem svæðið markast ekki við neinn náttúrulegan jaðar setur það aukinn þrýsting á bílastæði við jaðar þess. Núverandi gjaldskylda nær til klukkan níu á kvöldin jafnt virka daga sem helgar en engin gögn hafa verið birt sem sýna fram á þörf fyrir svo víðan tímaramma.

Gjaldskyldan leggst því einnig á gesti íbúa og safnast það saman t.a.m. í tilfellum aðstandenda með ólíkar þarfir sem getur haft bein áhrif á félagslega þátttöku og lífsgæði.

Einnig hefur verið bent á að bílastæði í hverfinu séu í auknum mæli nýtt af ferðamönnum á bílaleigubílum, sem takmarkar aðgengi íbúa að stæðum. Á sama tíma virðist nýting ferðafólks á almenningssamgöngum vera takmörkuð.

Við teljum mikilvægt að skoða þetta heildrænt og í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

Við óskum eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

Bílastæðamál og íbúakort

- a. Hver er afstaða framboðsins til núverandi fyrirkomulags íbúakorta?
- b. Hver er stefna framboðsins í bílastæðamálum í rótgrónum íbúðahverfum eins og Vesturbæ?
- c. Hver er afstaða framboðsins til félagslegra áhrifa gjaldskyldu á eldri borgara og fólks með hreyfihömlun?
- d. Hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við íbúa verði hagað við breytingar á skipulagi og gjaldtöku bílastæða á borgarlandi?

Fjölbreyttir ferðamátar og mannvænt skipulag

- e. Hver er stefna framboðsins gagnvart eflingu almenningssamgangna þannig að þær verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri íbúa?
- f. Hver eru áform flokksins um að bæta hjólastíga og innviði fyrir virka ferðamáta þannig að þær verði ennþá meira aðlaðandi kostur fyrir íbúa sem hafa kost á því?
- g. Hver er stefna framboðsins gagnvart umferðarmagni og umferðarhraða í íbúðahverfum?
- h. Hver er afstaða framboðsins til hugmynda um vistgötur í Vesturbæ og hvernig gæti slík innleiðing verið útfærð með tilliti til þarfa íbúa?

Með vinsemd og virðingu,

Stjórn íbúasamtaka vesturbæjar

Martin Jónas B. Swift, formaður

Ásta Olga Magnúsdóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir

Örn Þór Halldórsson

Es. Bréf þetta er sent á neðangreind framboð:

- | | |
|--------------------------------|------------------------------------|
| A - listi Vinstreisins | J - listi Sósíalistaflokks Íslands |
| B - listi Framsóknarflokksins | M - listi Miðflokksins |
| C - listi Viðreisnar | P - listi Pírata |
| D - listi Sjálfstæðisflokksins | R - listi Okkar borgar |
| F - listi Flokks fólksins | S - listi Samfylkingarinnar |
| G - listi Góða dagsins | |